



3. fundur í aðalstjórn Aftureldingar að Varmá kl. 17:30

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 17:30

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar (SR), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri. Kjartan Þór Reinholdsson (KÞR) boðaði forföll en veitti rafrænt samþykki

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Málefni BUR og meistaraflokks kvk í handbolta

Eftir skoðun og ítarlegar umræður var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Eftir að hafa yfirfarið framlögð gögn frá formanni Handknattleiksdeildar og gjaldkerum varðandi fjárhagslega stöðu barna- og unglíngaráðs og meistaraflokks kvenna er það niðurstaða aðalstjórnar að fjárhagsleg staða þessara tveggja ráða sé með þeim hætti að ekki verði við unað. Aðalstjórn veitir því ekki frekari fjárhagslega fyrirgreiðslu til þessara ráða og mun skuldajafna rekstrarstyrki, sem koma til greiðslu í júní 2017, á móti skuldum ráðanna við aðalstjórn Aftureldingar og lánadrottna.

Óskað er eftir skriflegri greinargerð frá stjórn Handknattleiksdeildar um hvernig hún hyggst tryggja fjármögnun barna- og unglíngaráðs og meistaraflokks kvenna þannig að tryggð sé greiðsla allra skulda og skuldbindinga, auk nægjanlegs rekstarfjár til næstu 12 mánaða. Einnig er ítrekuð þegar framlögð beiðni um upplýsingar um skipan stjórna/ráða til samræmis við lög Aftureldingar.

Umbeðnum gögnum skal skila formlega til til framkvæmdastjóra félagsins fyrir 3. júlí nk.

Til grundvallar þessarar ákvörðunar eru samskipti og upplýsingar sem hafa farið á milli aðila. Er það mat aðalstjórnar að þau hafi verið með þeim hætti að ekki séu forsendur til að styðja frekar við rekstur barna- og unglíngaráðs og meistaraflokks kvenna. Meðfylgjandi er mat aðalstjórnar á fjárhagslegri stöðu barna- og unglíngaráðs og meistaraflokks kvenna.

Fundi slitið kl 19.15

Dagný Kristinsdóttir

(sign).